

5. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn að Smiðjustíg 6, 27. desember 2018 kl. 18:00

Fundarboð:

Á fundinn mættu: Sigurjón Snær Jónsson, Rúnar Guðjónsson, Hulda Hrönn Stefándsóttir og svo bættust á fundinn Kolbrún Haraldsdóttir og Helgi Már Gunnarsson vegna gönguferða í Hrunamannahreppi.

1. Atvinnustefna Hrunamannahrepps – samþykkt 6. maí 2015

Nefndinni var bent á að sveitarfélagið hafi útbúið atvinnustefnu 2015 sem átti að uppfæra reglulega. Sú stefna fór í dvala eftir að hafa verið samþykkt. Í stefnunni voru mælikvarðar yfir sett markmið sem þyrfti að skoða hvort hefðu náðst á tilsettum tíma skv. stefnunni. Senda þyrfti fyrirspurn á skrifstofu sveitarfélagsins og fá upplýsingar um þessa mælikvarða til þess að sjá hvort markmiðin náðust eða hvort þróunin var í öfuga átt. Í stefnunni er talað um ljósleiðara og að leita leiða til þess að hafa lagningu hans sem hagkvæmasta. Um þessar mundir var verið að plægja niður síðustu rörin í dreifbýli Hrunamannahrepps og TRS mun blása restinni af ljósleiðaranum í þau í byrjun árs 2019. Það sem nefndin sér einnig athyglisvert er að talað er um að vinna markaðs- og kynningaráætlun á Hrunamannahreppi. Sú umræða hafði komið fyrir á fyrri fundi nefndarinnar. Nefndin telur að vinna megi að einhvers konar markaðsherferð fyrir Hrunamannahrepp svo að hún liggi fyrir þegar tími er kominn á að keyra hana af stað. Nefndin telur þó ekki mega setja slíkt í loftið fyrr enn staða íbúðarhúsnæðis hefur skánað. Undanfarið hafa einstaklingar verið að leita að íbúðarhúsnæði á Flúðum eða í Hrunamannahreppi án árangurs.

Nefndin ætlar að senda fyrirspurn á skrifstofu hreppsins varðandi þessar tölulegu upplýsingar í stefnunni og í framhaldinu ætlar nefndin að senda sveitarstjórn erindi sem bendir á þá hluti sem helst þyrfti að uppfæra í stefnunni eða skoða betur.

2. Gönguferðir í Hrunamannahreppi

Kolbrún og Helgi settust niður með okkur og uppfærðu nefndina um það sem þau hafa gert og svo fórum við yfir hvað þau myndu vilja sjá gert með öðrum hætti. Þau hafa séð um ferðirnar í heild sinni undanfarin tvö ár en höfðu í nokkur ár áður séð um gönguna í lok sumars meðfram Stóru-Laxárgljúfri. Þau hafa áhuga á að taka þetta að sér aftur á árinu 2019 en þau telja að það þurfi að færa ferðirnar fyrr á sumarið og hætta með þær í júlí. Þau ætla að setjast niður og setja upp skipulag sem þau telja að gæti laðað að sér fleiri í ferðirnar. Þau báðu einnig um að vera látin vita ef nýjar gönguleiðir væru mögulegar sem þau vissu ekki af. Nefndin ætlaði að athuga með nýja staði í framhaldi af því að Kolbrún ætlar að senda nefndinni samantekt á því hvert gönguferðir hafi verið farnar síðan ferðir hófust. 2001 var fyrsta árið sem þessar ferðir voru farnar. Sigurjón Snær bauð fram gönguleið upp á Berghylsfjall sem og aðstoð við þá göngu í formi leiðsagnar.

3. Verslunarmannahelgin 2019.

Nefndin velti því fyrir sér hvort hún ætti að hitta Bessa hjá Sonus viðburðum í byrjun árs eða hvort að skipulagsfundur verði haldinn snemma á árinu 2019 með fleiri aðilum sem að helginni koma. Fyrirspurn verður send á sveitarstjóra.

Kolbrún og Helgi véku af fundi um kl. 19:20, nefndin hélt áfram að ræða málin og fundi var svo slitið kl. 19:45.